



## Syngjandi Langholt.

Í apríl síðastliðnum urðu merk tímamót í Langholtskirkju en þá voru 50 ár liðin frá því að Mývetningurinn Jón Stefánsson var ráðinn þar organisti.

Ýmsir velunnarar tónlistarstarfs við kirkjuna, höfðu haft orð á því að full ástæða væri til að minnast þessara tímamóta með því að skrá sögu tónlistarflutnings við Langholtskirkju síðastliðin 50 ár. Kölluð var saman óformleg ritnefnd mynduð af núverandi og fyrrum formönnum kórsins. Sá nefndin um að stofna formlegt félag, Syngjandi Langholt, sem hefur nú ýtt þessu verkefni úr vör. Til söguskráningar var ráðinn Gunnlaugur V. Snævarr, sem þekkir þetta starf flestum mönnum betur, enda fyrrverandi félagi Kórs Langholtskirkju og formaður til margra ára.

Í ráði er að fremst í bókinni verði heillaóskaskrá (Tabula gratulatoria), þar sem skráð eru nöfn þeirra sem kjósa að færa Jóni Stefánssyni árnaðaróskir á þessum tímamótum, styrkja um leið útgáfuna og kaupa bókina fyrir kr. 8.000.

Greiðslan yrði reidd af hendi fyrirfram en reiknað er með að bókin komi út fyrir mitt ár 2016 og verður þá trúlega nokkru dýrari í almennri sölu.

Með þessu bréfi viljum við kanna hvort þú vilt kaupa bókina í forsölu. Ef svo er biðjum við þig vinsamlega að greiða kr. 8.000 inn á reikning félagsins og setja sem skýringu kennitölu þína og nafn. Að því loknu verður nafn þitt skráð á Tabula gratulatoria.

Reikningsnúmerið er **526-14-403787** og kennitala félagsins er **440714-0640**.

Öllum, sem til þekkja, er ljóst að í Langholtskirkju hefur verið unnið mikið brautryðjendastarf sem hefur sett mark sitt á tónlistarlíf í landinu undanfarna áratugi.

Það er því mat okkar að bók sem þessi muni ekki eingöngu höfða til þeirra fjölmörgu sem hafa tekið þátt í þessu starfi heldur eigi hún fullt erindi til allra þeirra sem láta sig varða list og menningu í landinu.

Frekari upplýsingar veitir Halldór Torfason,  
[halldort@malbik.is](mailto:halldort@malbik.is), sími 696 5858.

Með góðum kveðjum og von um jákvæðar undirtektir,

Ágústa Jónsdóttir, Ásta Hrönn Stefánsdóttir, Guðmundur Gunnarsson, Gunnlaugur V. Snævarr, Halldór Torfason, Kjartan Oddur Jóhannsson, Kristín Sveinsdóttir, Margrét Bóasdóttir, Ólafur H. Jóhannsson, Ólöf Kolbrún Harðardóttir, Sesselja Guðmundsdóttir, Sigrún Stefánsdóttir, Sigurbjörg Hjörleifsdóttir, Sigurbjörn Skarphéðinsson, Þorgils Völundarson, Þóroddur F. Þóroddsson.

# Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir  
Sími: 464 4343, 866 0311  
Netfang: [myflugan@emax.is](mailto:myflugan@emax.is)

42. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 12. nóv. 2014

## Afmælisbörn dagana 13. nóv. — 19. nóv. 2014

13. Hjördís Sigríður Albertsdóttir.
15. Álfðís Sigurgeirsdóttir, Árný Hulda Sæmundsdóttir, Bjarni Jónasson,
18. Hrólfur Hjörleifsson.



### Frá hitaveitu.

Fimmtudaginn 13. nóvember verður heitavatnið tekið af á starfssvæði Hitaveitu Reykjahlíðar vegna viðhalds. Vatnið verður tekið af kl. 8:00 og verður heitavatnslaust fram eftir degi.



### Íbúafundur.

Stefnumótun í ferðaþjónustu í Mývatnssveit.  
Boðað er til íbúafundar 18. nóvember kl. 19:30 í Skjólbrekku um stefnumótun í ferðaþjónustu í Mývatnssveit.

Ekki þarf að fjölyrða um þann mikla vöxt sem orðið hefur í greininni undanfarin ár með öllum þeim kostum og göllum sem því fylgja. Því er er nauðsynlegt að móta framtíðarsýn um uppbyggingu og verndun svæða í sveitarfélaginu í sem víðtækastri sátt við íbúa og annað atvinnulíf á svæðinu.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga mun leiða verkefnið.

Vonumst til að sem flestir íbúar sjái sér fært að mæta, deila skoðunum sínum og taka þannig þátt í þessari mikilvægu vinnu.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.



## Bændur ath.



Skil á reikningum og gangnaskýrslum vegna fjallskila 2014 er 17. nóvember, reikningar þurfa að vera samþykktir af fjallskilastjóra.

Þeir sem sjá um viðhald hreppagirðinga skili einnig reikningum fyrir 17. nóvember.

Vinsamlegast komið þessum upplýsingum til skrifstofu Skútustaðahrepps fyrir þann tíma.



## Ljósakrossar.



Eins og um síðustu jól mun Kiwanisklúbburinn Herðubreið setja upp ljósakrossa á leiði í Reykjahlíðarkirkjugarði. Ljósakrossarnir verða settir upp á sömu leiði og um síðustu jól.

**Þeir aðilar sem EKKI vilja nýta sér þessa þjónustu áfram vinsamlega látið vita fyrir 20. nóv. í síma 897 4108.**

Eigum nokkrum krossum óráðstafað, pantanir í þá þurfa að berast sem fyrst, helst fyrir 20. nóv. til Þorbergs í síma 897 4108.

Leiga fyrir krossinn er kr. 3.000.-

Kveikt verður á krossunum 30. nóv. n.k.

Minum á að við eigum eitthvað af ljósaperum til sölu hjá Bigga á Litluströnd, einnig litaðar perur.

Kiwanisklúbburinn Herðubreið.

**“Þegar þú hefur gert eitthvað rangt,  
viðurkenndu það og biðstu afsökunar.  
Sýndu auðmýkt. Enginn í mannkyns-  
sögunni hefur kafnað / látist við það eitt  
að kyngja stolti sínu...”**

Hjartamál og Hugadraumar.

www.spegill.is

# Yndislega sveitin mín

## Áhrif ferðaþjónustu á umhverfi og menningu



Fjöregg

Fundarstjóri er Arnheiður Jóhannsdóttir – framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands

### Dagskrá:

Eliás Gíslason frá Ferðamálastofu á Akureyri – kynning á Vakanum, gæða- og umhverfisvottunarkerfi.

Theodóra Matthíasdóttir – erindi um “Earth-Check” sjálfbærnisvottunarkerfi sem unnið er með á Stykkishólmi/ Snæfellsnesi.

Ferðaþjónustuaðilar í Mývatnssveit fjalla um reynslu sína af því að vinna samkvæmt umhverfisstefnu.

Hádegishlé – súpa og brauð

Edward Huijbens, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar Ferðamála- Ferðalög og ylrækt - byggðarþróun, skipulag og uppbygging áfangastaða

Gunnar Þór Jóhannesson dósent í land- og ferðamálafræði við HÍ- Ferðalög og ylrækt - (ferða)folk og samfélag

Kaffi og kleinur

Hrafnhildur Ýr Víglundsóttir – sérfræðingur á Ferðamálastofu – Sjálfbærni sem sóknarfæri.

Umræður

Sunnudaginn 30.nóvember 2014 kl.11.00-17.00 Skjólbrekku

## Kreisler, léttur og tregablandinn.

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Árni Heiðar Karlsson píanóleikari leika á tónleikum í Þingeyjarsýslu og á Akureyri helgina 14.-16. nóvember.



Þorgeirskirkja að Ljósavatni  
föstudaginn 14. nóvember 2014  
kl. 20:30



Skjólbrekka í Mývatnssveit  
laugardaginn 15. nóvember 2014  
**kl. 16:00**



Galtalæk á Akureyri sunnudaginn  
16. nóvember 2014 kl. 13:00



Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

Ekki er möguleiki að taka við greiðslum með greiðslukortum.

Efnisskráin samanstendur af dansandi léttum tónverkum fyrir fiðlu og píanó. Flest þeirra eru eftir eða útsett af, hinum kunna fiðluleikara Fritz Kreisler. Meðal þeirra eru perlurnar *Liebesleid* og *Liebesfreud*.

Tónleikarnir verða föstudagskvöldið 14. nóvember kl. 20:30 í Þorgeirskirkju að Ljósavatni, Skjólbrekku í Mývatnssveit laugardaginn 15. nóvember kl. 15:00 og í Galtalæk á Akureyri sunnudaginn 16. nóvember kl. 13:00.

**Ath! Breyttan tíma í Skjólbrekku**

## Mýflugan

### Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.  
Netfang: [mýflugan@emax.is](mailto:mýflugan@emax.is) eða í síma 464 4343/ 866 0311

#### Verðskrá:

- 1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
- 1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
- 1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

## Kæru sveitungar!

Nú erum við að byrja á okkar árlegu jólaskeiðingum. Eins og undanfarin ár afgreiðum við einungis eftir þöntunum.

**Pantanir frá fyrirtækjum og einstaklingum þurfa að hafa borist fyrir hádegi fimmtudaginn 20. nóvember.**

Kertaskreyting kostar 5.500 krónur.

Leiðiskross kostar 4.000 krónur.

Leiðisgrein kostar 2.500 krónur.



#### Þær sem taka við þöntunum eru:

Agla, sími 899 7668

Inga, sími 892 5614

Hulda, sími 863 1484

Ef þið hafið haldið til haga skreytingum frá í fyrra munum við eins og áður þiggja þær með þökkum til endurnýtingar. Látið okkur vita ef þið viljið að við sækjum þær.

Þökkum stuðninginn.  
Slysavarnadeildin Hringur.



## Frá Íþróttamiðstöð



Barnapössun fellur niður fimmtudaginn 13. nóvember vegna vetrarfrís í grunnskólanum.

Minum á fjölbreytt úrval af skíða og vetrarfátnaði. Erum líka að dusta rykið af hálkugormunum góðu sem hafa bjargað ófáum mannlífum.

Kveðja, starfsfólk

**CRAFT** ::

**YAKTRAX**